

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra.

1. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi í ráðuneytinu? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurlíðað í laun og annan kostnað?*

Upplýsingafulltrúi er starfandi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Árlegur launakostnaður síðustu tíu ár með launatengdum gjöldum vegna þessarar stöðu er eftirfarandi:

2011	7.359.471
2012	8.574.104
2013	10.343.800
2014	9.561.909
2015	10.293.625
2016	11.174.409
2017	13.081.922
2018	14.107.391
2019	14.310.490
2020	14.895.108

Að auki er símakostnaður upplýsingafulltrúa greiddur.

2. *Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi hjá undirstofnunum ráðuneytisins? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður hverrar stofnunar síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurlíðað í laun og annan kostnað?*

Upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar eru almennt ekki starfandi hjá undirstofnunum ráðuneytisins að Framkvæmdasýslu ríkisins undanskilinni en þar hefur samskiptastjóri verið starfandi frá árinu 2017. Árlegur launakostnaður vegna þess starfs frá árinu 2017 með launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði er eftirfarandi:

2017	6.970.000
2018	10.390.000
2019	14.010.000
2020	14.890.000